



**Efni: Heimild til að hefja verkefnið „uppbygging gagnalandslags FAS og MOS“**

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja þróunarferli í tengslum við næsta skref í uppbyggingu gagnalandslags Reykjavíkurborgar: Gagnalandslag FAS og MOS, en mikið af mikilvægustu rekstrargögnum borgarinnar verða til á þessum sviðum og er því áriðandi að fara í vinnu með þeim til að tryggja réttleika, aðgengi að- og hagnýtingu gagna.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 249051 Gagnalandslag FAS og MOS og tilheyrir verkefnaklasa 80019, Upplýsinga- og gangastýring. Verkefnið rúmast innan þegar samþykkrar fjárhags- og fjárfestingaráætlunar. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá janúar til desember 2024 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 137 m.kr., þar af tilheyra 129,5 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 7.5 m.kr. í rekstrarkostnað sem skiptist á milli FAS og MOS, yfir 5 ára tímabil.

Erindið hefur verið lagt fram og kynnt á fundi stafræns ráðs, sbr. 3. lið fundargerðar ráðsins frá 28. febrúar 2024.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllt,

Óskar Sandholt,  
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



### **Forsaga:**

Upplýsingatæknikerfi borgarinnar safna margvíslegum mikilvægum gögnum sem fela í sér mikil tækifæri til notkunar fyrir stefnumótandi ákvarðanatöku, og skapa verðmæti fyrir borgina, starfsfólk, borgarbúa, fyrirtæki og samfélagið í heild. Aðgengi að réttum og áreiðanlegum upplýsingum er forsenda fyrir því að stafræn vegferð borgarinnar skili tilsettum árangri. Mikil handavinna er fólgin í hreinsun, auðgun og hagnýtingu gagna eins og verklagið er í dag. Aðgengi að gögnum er almennt ekki viðunandi og borgin og reyndar fjölmargir birgjar hennar standa frammi fyrir mikilli tækniskuld hvað gagnahögun varðar. Starfsfólk þarf aðstoð við að ná gögnum út úr kerfum á vegum borgarinnar og hingað til hafa þægileg tæki og tól til að vinna gögn og gera á þeim greiningar ekki verið til staðar eða þau ekki virkað sem skildi sökum ástands gagna sem undir þeim hafa verið.

Markmiðið er að byggja upp heildstætt gagnalandslag borgarinnar með heildstæðri nálgun á uppbyggingu og miðlun gagna og sameiginlegri sýn á eignarhald gagna. Þannig verður auðveldara að setja fram kröfur um gagnagæði og gagnaskil, bæði frá innri- og ytri þjónustum sem gera starfsfólki kleift að nýta gögnin til að fylgjast með heilbrigði skipulagseininga þeirra og koma auga á vannýtt tækifæri.

### **Greinargerð:**

Verkefnið er viðamikið og snertir alla starfsemi Reykjavíkurborgar og er mikilvægur hlekkur í heildstæðri gagnauppbyggingu hennar. Þessi hluti verkefnisins lýtur að því að byggja upp gagnalandslag fyrir gögn fjármála- og áhættustýringarsviðs og mannauðs- og starfsumhverfissviðs.

Fjármála- og áhættustýringarsvið heldur utan um öll helstu fjármála- og rekstrargögn borgarinnar. Fjölbreytt og mikilvæg starfsemi fer fram á sviðinu þar með talin öll umsýsla reikninga og annarra mikilvægra fjárhagsaðgerða fyrir borgina. Á sviðinu verður til mikið af gögnum sem mikilvægt er að nýta til greininga til að fylgjast með starfsemi og fjárhagslegri stöðu borgarinnar. Sé unnið með markvissum hætti að hagnýtingu gagna opnast nýir möguleikar t.d. hvað varðar að leggja mat á fjárfestingarþörf og líklega arðsemi fjárfestinga borgarinnar, skipuleggja og meta áhrif tiltekinna stjórnvaldsaðgerða sem og aðgerða annarra aðila á borgarkerfið. Áætlaður ábati verkefnisins er betri upplýsingagjöf, meira gagnsæi, meiri áreiðanleiki, betri ákvarðanatáka, aukin sjálfvirkni, minna álag á starfsfólk, fækkun handtaka sem svo dregur úr sóun auðlinda. Betur verður hægt að fylgjast með og gera mælingar á fjárhagslegum markmiðum og tækifæri verða til að grípa fyrir til mótvægisáðgerða, ef þarf.

Mannauðs- og starfsumhverfissvið heldur utan um allar helstu mannauðsupplýsingar borgarinnar, launafærslur og margt fleira. Sviðið vinnur umfangsmikla tölfræðivinnslu og -miðlun um alla þjónustupætti sviðsins sem tengist starfsfólki, launagreiðslum og -kostnaði, nýráðningum, uppsögnum, starfssamningum o.fl. Mikilvægar vinnslur sem tengjast starfsumhverfi borgarinnar og miðlun tölfræði fer fram í hverjum mánuði hjá sviðinu, ásamt umfangsmikilli árstölfræðivinnu, auk reglulegrar miðlunar gagna innan kerfis til að svara sértækum fyrirspurnum um notendahópa, þjónustupætti o.s.frv.

Þessi vinna krefst í dag mikillar handavinnu, þar sem ýmis gögn eru ill aðgengileg og eru meðal annars sótt handvirkt í grunnkerfi og síðan unnin og birt handvirkt. Þetta fyrirkomulag gagnavinnslunnar er bæði tíma- og mannaflafrékt. Markmið verkefnisins



er að auka sjálfvirkni í vinnslu á tölfræðigögnum, auka öryggi gagnanna og auka möguleika á greiningu og miðlun gagna til annarra sviða borgarinnar sem og út á við.

Uppbygging gagnalandslags FAS og MOS styður m.a. við eftirtaldar stefnur:

Græna planið

Þjónustustefnu Reykjavíkurborgar

Stefnu um nýtingu upplýsingatækni

Persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar

Í verkefninu verða gögn borgarinnar gerð aðgengileg og miðlað á fjölbreyttan hátt. Ímynd borgarinnar eflist með markvissri og traustri upplýsingamiðlun ásamt aukinni virðissköpun sem hlýst af hagnýtingu gagna.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 137 m.kr. Kostnaðarstaður 249051; Gagnalandslag FAS og MOS. Verkefnaklassi 80019 Upplýsinga- og gagnastýring

F.h. þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Inga Rós Gunnarsdóttir,  
skrifstofustjóri gagnþjónustu Reykjavíkurborgar